



Reykjavík 30.08.2022

Efni : Yfirlit yfir framkvæmda- og viðhaldsverkefni í Grafarvogi

Hverfið mitt.

Jóraljós á völdum stöðum í hverfinu – er í undirbúningi hjá hverfastöð og verður framkvæmt í nóvember/desember.

Sjósundaðstaða við Geldinganes – byggingu skýlisins er lokið.

Trampólíngarður – er í undirbúningi hjá verktaka og verður framkvæmt á næstunni.

Aparóla í Gufunesi – er í undirbúningi hjá verktaka og verður framkvæmt á næstunni.

Nuddfoss í Grafarvogslaug – er í undirbúningi hjá fasteignastjóra laugarinnar, stefnt á að klárast fyrir áramót.

Ærslabelgi á völdum stöðum í Grafarvogi – belgurinn í botni Grafarvogs hefur verið framkvæmdur og tengdur við rafmagn. Belgurinn í Bryggjuhverfi er í undirbúningi, verið er að dreina svæðið.

Stigi ofan í fjöruna við Gufunes – tilboð í stigann hefur verið samþykkt, verið er að bíða eftir að hann fari í framleiðslu og verður í kjölfarið settur upp. Áætluð verklok eru í lok nóvember.

Fjallahjólsvæði í Gufunesi – er í meðförum hjá undirbúningshóp um hjólasvæði í Gufunesi.

Fleiri bekkir í hverfið – er í framkvæmd hjá Hverfastöð.

Betri lýsing í Gufunesi – er í framkvæmd, búið er að setja upp staura og leggja leiðslur, beðið eftir lömpum.

Lýsa upp göngustíg meðfram Strandvegi – er hluti af stærra lýsingarverkefni og verður framkvæmt í þeim pakka.

Bílastæði við Geldinganes – búið er að jafna og bera í veginn og bílastæðin.

Aparóla í norðanverðum Grafarvogi – er í framkvæmd hjá verktaka.

Gufunes. Undirbúningshópur hefur verið að undirbúa framkvæmdir í Gufunesi, s.s. að gera pumptrack braut, fjallahjólbraut, gönguskíðabraut, hjólabrettapalla og ýmsar aðrar lagfæringar og betrubætur á svæðinu. Sú vinna er enn í gangi en stefnt er að því að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga með haustinu og halda áfram með annan áfanga næsta vor.

Endurgerð leik- og grunnskólalóða í hverfinu.

Borgaskóli • endurgerð skólalóðar - 1.áfangi

Ekkert tilboð barst í verkið (útboð 15509) – stefnt er að því að bjóða út aftur í janúar og hefja framkvæmdir í apríl

Leikskólinn Sunnufold/Frosti • Aðkoma, gangstéttar, sorpgerði, hjólastæði og hjólaskýli. Verkefnið er á lokametrunum, flestum verkliðum lokið. Það sem er eftir : málun bílastæða, uppsetning sorpgerðis, uppsetning Hjóla- og vagnaskýlis (er í smíðum). Lýkur í september/október

Leikskólinn Laufskálar – átaksverkefni á lóðinni s.s. skipta út leiktækjum, er í undirbúningi.

Þá er einnig áætlað er að setja upp stæði fyrir hlaupahjól og rafskutlur við alla grunnskóla borgarinnar og almenn hlaupahjólastæði á leikskólalóðum – er í undirbúningi.

Virðingarfyllt,

Bragi Bergsson

verkefnastjóri á deild gatna, lóða og opinna svæða.